



SEIÐAELDI Á LAXABRAUT 11 Í ÞORLÁKSHÖFN

Skipulags- og matslýsing

22.06.2021



ÖLFUS



EFNISYFIRLIT

1	INNANGANGUR	3
1.1	Skipulagslýsing	3
1.2	Markmið	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Skipulagssvæðið	4
3	FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG AÐRAR ÁÆTLANIR	6
3.1	Aðalskipulag	6
3.2	Deiliskipulag	7
3.3	Aðrar stefnur	7
4	UMHVERFISSKÝRSLA	8
4.1	Umhverfispættir og áherslur	8
5	KYNNING OG SAMRÁÐ	9
5.1	Umsagnaraðilar	10
5.2	Samráð	10
6	SKIPULAGSFERLI	10

HÖFUNDUR	RÝNI	VERKNR.
AB	ÁJ	8689-001

1 INNGANGUR

Hér er sett fram skipulagslýsing fyrir nýtt deiliskipulag ásamt matslýsingu til samráðs um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu. Deiliskipulagið nær til Laxabrautar 11 (L228679) í Þorlákshöfn en þar er fyrirhugað seiðaeldi og mögulega þauleldi á laxi eða öðrum fisktegundum. Eldið er stækkun á núverandi eldi á aðliggjandi lóð, Laxabraut 9.

Á lóðinni er fyrirhugað að reisa mannvirki í formi húsa, kerja, vatnsmiðlunartanka, fóðursílóa og súrefnistanka auk vatns- og frárennislislagna, ásamt lagningu vegaslóða, vinnuplana, borhola og bílastæða. Á lóðunum tveimur er ráðgert að framleiða allt að 2.500 tonn af laxi og laxaseiðum á ári.

Mögulegt er að í stað þess að gera nýtt deiliskipulag er að breyting verði gerð á gildandi deiliskipulagi Laxabrautar 9 og það útvíkkað þannig að það nái yfir báðar lóðirnar.

1.1 Skipulagslýsing

Gerð skipulagslýsingar er ætlað að tryggja aðkomu almenninga og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsingu hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi.

Í 1.11 tl. í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, segir: „*þauleldi á fiski þar sem ársframleiðslan er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar, eða þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meira og fráveita í ferskvatn.*” og í lið 10.24: „*vinnsla grunnvatns eða íveita vatns í grunnvatn með 300 l/sek, að meðalrennsli eða meira á ári*” Framkvæmdin fellur í flokk A sem er háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdir á Laxabraut 9 og 11 hafa farið í umhverfismat fyrir allt að 2.500 tonna framleiðslu á laxi og laxaseiðum á ári. Skipulagsstofnun veitti álit á matsskýrslu þann 19. apríl 2021 og taldi að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt. Þeim þætti er því lokið og munu upplýsingar úr matsskýrslunni verða notaðar við gerð deiliskipulagsins.

Þar sem framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum skv. 3.02 tl. í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, er hér einnig sett fram matslýsing og er hún unnin skv. 2. mgr. 6. gr.

laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og fjallar um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

Samkvæmt gr. 4.2.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal sameina gerð skipulagslýsingar og matslýsingar þegar það á við.

Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum aðalskipulagsbreytingarinnar.

1.2 Markmið

Fyrirtækið Laxar fiskeldi ehf. hefur óskað eftir að leggja fram tillögu að deiliskipulagi með það að markmiðið að reisa seiðaeldi á lóð nr. 11 við Laxabraut og stækka þar með starfsemi sína sem er á aðliggjandi lóð, Laxabraut 9. Gert verður ráð fyrir þeim möguleika að þauleldi á landi geti einnig farið fram á svæðinu.

Reist verða mannvirki í formi húsa, kerja, vatnsmiðlunartanka, fóðursílóa og súrefnistanka auk vatns- og frárennislagna, ásamt lagningu vegaslóða og plana og bílastæða. Vatnsöflun til rekstursins verður frá borholum á svæðinu. Frárennsli verður leitt til sjávar gegnum útrás frá lóðinni. Seiði verða flutt af svæðinu í eldi annarsstaðar á landinu en fiskur sem alinn verður á staðnum og slátrað verður fluttur á erlenda og innlenda markaði.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

2.1 Skipulagssvæðið


Skipulagssvæðið liggur sunnan við götuna Laxabraut í Þorlákshöfn og vestan við lóðina Laxabraut 9. Lóðin er óbyggð en við sjávarkambinn eru fjögur fiskeldisfyrirtæki starfandi í dag.



MYND 1. Yfirlitsmynd yfir fyrirhugað skipulagssvæði. Lóðin er innan rauða hringins ©map.is


Aðkoma er annarsvegar að austanverðu um Óseyrarbraut og Hafnarskeið inná Nesbraut og eftir Laxabraut. Gert er ráð fyrir að Laxabraut tengist Suðurstrandarvegi í náninni framtíð og verður þá möguleg aðkoma að vestan án þess að fara gegnum þéttbýli Þorlákshafnar.

Fremur flatt hraun er einkennandi fyrir lóðina sem og iðnaðarsvæðið í heild sinni er myndar ströndina á 14 km kafla frá Þorlákshöfn og vestur að Selvogsvita, austur af Herdísarvík. Yfirborð þess er fremur slétt og ósprungið sandorpið hraun og gróðurþekja fremur lítil og minnkar verulega er nær dregur strönd. Hraunið þekur allt skipulagssvæðið og nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga 60/2013 um náttúruvernd, sjá mynd 2.



MYND 2. Á svæðinu er forsögulegt hraun, skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Skipulagið hefur engin áhrif á vistkerfi með hátt verndargildi, sjá mynd , en á svæðinu eru eyðihraunavist (L6.1) og mosahraunavist (L6.3) sem eru með lágt og miðlungs verndargildi.



MYND 3. Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands. Skipulagssvæðið er innan rauða hringsins

Vistgerðarkortið er unnið í mælikvarða 1:25.000 og gefur því nokkuð skýra mynd af vistgerðum svæðisins en er aðeins til hliðsjónar þar sem deiliskipulag er í mun stærri mælikvarða.

Úti fyrir ströndinni er sterkur sjávarstraumur sem þynnir frárennsli mjög hratt. Straumurinn mun bera næringarefni sem berast frá eldinu til vesturs, frá ósum Ölfusár.

3 FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Aðalskipulag


Í gildi er Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 sem tók gildi í október 2012.

Lóðin Laxabraut 11 er innan iðnaðarsvæðisins I3 í aðalskipulagi og innan þéttbýlismarka. Iðnaðarsvæðið hefur verið tilgreint fyrir starfsemi, sem þarfnast nálægðar við sjó. Deiliskipulag verður í samræmi við aðalskipulag og samræmist áherslum þess en þar segir:

„Í framtíðinni þarf að auka fjölbreytni atvinnulífsins. Atvinnulóðir fyrir vestan byggðina í Þorlákshöfn skapa möguleika fyrir fyrirtæki að byggja upp fjölbreytta atvinnustarfsemi. Frekari fullvinnsla hráefnis er berst á land auk fiskeldis, geta skapa ný atvinnutækifæri.“

Einnig segir í aðalskipulaginu:

„Gert er ráð fyrir að frekari nýting jarðvarma og ferskvatns geti skotið sterkari stoðum undir atvinnulífið, s.s. nýting þessara auðlinda fyrir orku- eða vatnsfrekan iðnað og er horft til þess að orka sem unnin er innan sveitarfélagsins nýtist til uppbyggingar atvinnulífs í sveitarfélaginu.“



MYND 4. Gildandi Aðalskipulag 2010-2022 fyrir Sveitarfélagið Ölfus. Svæðið sem deiliskipulagt verður er innan rauða hringins.

Í töflu 2 koma fram skilmálar aðalskipulagsins um iðnaðarsvæði I3.

Tafla 1. Skilgreining iðnaðarsvæðisins í aðalskipulagi

NR.	NAFN	LÝSING Á NÚVERANDI STARSEMI	FULLBYGGT	
			STÆRÐ Í HA	Nýt.hlf.
I-3	Laxabraut	Feyging og fiskeldi. Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar á svæðinu sem falla að nýtingu svæðisins.	60,4	0,2-0,5

Deiliskipulag fiskeldisins mun verða í samræmi við gildandi aðalskipulag.

3.2 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er til af svæðinu en á aðliggjandi lóð, Laxabraut 9, er í gildi deiliskipulag frá 2016 sem mun haldast óbreytt.

3.3 Aðrar stefnur

Reglugerð, nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fiskisjúkdómum og löndun laxastofna lítur, að stærstum hluta, að vörnum gegn fiskisjúkdómum og erfðamengun vegna sleppingar aðkomustofna m.t.t. verndunar vistkerfa nálægra vatnasviða. Í 4. gr. reglugerðarinnar kemur fram að lágmarksfjarlægð á milli sjókvía-, strandeldis- og hafbeitarstöðva innbyrðis skuli ekki vera minni en 2 km og miðist við loftlínu. Nú þegar eru starfrækt fiskeldisfyrirtæki austar á ströndinni. Fjarlægð

frárennslis þeirra þriggja fiskeldisfyrirtækja er þegar eru með rekstur á svæðinu er milli 1.400 til 2.500 m mælt eftir strandlínu. Staðsetning lóðarinnar uppfyllir ekki að fullu reglugerðina hvað fjarlægð varðar. En tryggt verður að smitsjúkdómar eða slysa sleppingar berist ekki frá eldisstöð, með tæknilegum útfærslum, til að koma til móts við megintilgang reglugerðarinnar.

4 UMHVERFISSKÝRSLA

Umhverfismat áætlana er unnið samhliða skipulagsgerð, með þátttöku skipulagsnefndar. Með því móti nýtist umhverfismatið best í þeim tilgangi að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að óskertum eða bættum umhverfisgæðum fyrir þá sem nýta svæðin.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Umhverfismatið verður sett fram í umhverfisskýrslu sem fylgir skipulagsgögnunum.

Skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 skal meta hvaða áhrif skipulagið mun hafa á náttúrulegt, félagslegt og efnahagslegt umhverfi. Hluti af því ferli er gerð þessarar matslýsingar þ.e.a.s. lýsing á því hvernig staðið verður að umhverfismatinu við gerð deiliskipulagsins. Umhverfismati er ætlað að stuðla að verndun umhverfis og sjálfbærri þróun í samræmi við fyrrnefnd lög. Þar skal meta áhrif tiltekinna markmiða sem sett eru fram í skipulaginu. Metið er hvort þeir valkostir, sem settir eru fram til að ná markmiðum áætlunarinnar, muni hafa jákvæð, engin eða óveruleg, eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti. Stefnumörkun og val skipulagsleiða skulu taka mið af niðurstöðum þessa mats.

4.1 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfisskýrslu verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem sýndir eru í töflu 3 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Í umhverfisskýrslu verða sett viðmið fyrir hvern umhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Tafla 3. Umhverfispættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	DÆMI UM VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Mun skipulagið fela í sér áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. 1. gr. um markmið laganna. 3. gr. um verndarmarkmið fyrir jarðminjar og 61. gr. um sérstaka vernd jarðminja.
Gróður og dýralíf	Mun skipulagið hafa áhrif á gróður eða dýralíf – vistsvæði og plöntutegundir eða dýrategundir?	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. 1. gr. um markmið laganna. 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. 60. gr. um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og 61. gr. og 62. gr. um vernd vistkerfa og bakkagróðurs.
Fornminjar	Mun skipulagið hafa áhrif á fornminjar?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. 1. gr. Um markmið laganna, 16. gr. Um skipulag og 23. gr. Um fornleifar í hættu.
Ásýnd og landslag	Mun skipulagið hafa áhrif á ásýnd svæðisins? Mun skipulagið hafa sjónræn áhrif? Mun skipulagið hafa áhrif á náttúrulegt landslagi?	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. 1. gr. um markmið laganna, 3. gr. um verndarmarkmið fyrir landslag. Stefna um svæðið í aðalskipulagi.
Heilsa og öryggi	Mun skipulagið hafa áhrif á hljóðvist og loftgæði á nærliggjandi svæðum? Mun skipulagið hafa áhrif á umferðaröryggi? Mun skipulagið hafa áhrif á lýðheilsu?	Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir Vegalög nr. 80/2007 Velferð til framtíðar
Sjór og strandsvæði	Mun skipulagið hafa áhrif á sjó og/eða strandsvæði?	Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda
Samfélag	Mun skipulagið hafa áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu? Mun skipulagið hafa áhrif á útivist? Mun skipulagið hafa áhrif á öryggi fólks?	Stefna um atvinnu í gildandi aðalskipulagi og stefnumið í landsskipulagsstefnu

5 KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulags- og matslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenn- ingi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið. Jafnframt er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur við mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu sveitar- félagsins <http://www.olfus.is>. Einnig verður skipulagslýsingin aðgengileg á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skrifstofu sveitarfélagsins eða skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið skipulag@olfus.is, fyrir auglýstan tímafrest.

5.1 Umsagnaraðilar

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnsýslu sveitarfélagsins og fagstofnana.

5.2 Samráð

Á vinnslutíma mun deiliskipulagið ásamt umhverfisskýrslu verða kynnt bæði íbúum/almenningi og sveitarstjórn.

6 SKIPULAGSFERLI

Meðferð skipulags- og matslýsingar verður skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Tafla 4. Drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

MÁNUÐUR	LÝSING
Júní 2021	Skipulagslýsing tekin fyrir í skipulagsnefnd og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður jafnframt kynnt almenningi. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
ágúst	Tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu tekin til umfjöllunar í skipulagsnefnd, kynnt almenningi og lagðar fyrir sveitarstjórn í kjölfarið. Tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn.
september	Tillaga auglýst og send til umsagnaraðila. Gefinn verður sex vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
okt/nóv	Tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu afgreidd í sveitarstjórn, að undangenginni umræðu skipulagsnefndar, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til, og send Skipulagsstofnun.
nóvember	Gildistaka deiliskipulags auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.